

- 2106 Matvæli, ót.a.:**
 -- Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:
 Úr 2106.9029 --- Önnur sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
 Úr 2106.9059 -- Annað sem inniheldur að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
- 2202 Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**
 -- Annað:
 2202.9001 -- Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða
 2202.9009 -- Annars

Gjört í Reykjavík, 15. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
 (L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
 (L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.